

BÓKUN 14

UM VERSLUN MEÐ KOLA- OG STÁLVÖRUR

1. gr.

Þessi bókun á við um vörur sem gert er ráð fyrir í hinum tvíhliða fríverslunarsamningum (hér eftir nefndir „fríverslunarsamningarnir“) sem gerðir voru milli Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og einstakra EFTA-ríkja hins vegar eða, eftir atvikum, milli aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu og einstakra EFTA-ríkja.

2. gr.

1. Fríverslunarsamningarnir skulu haldast óbreyttir nema kveðið sé á um annað í þessari bókun. Ákvæði þessa samnings gilda þegar fríverslunarsamningarnir gilda ekki. Gildi efnisákvæði fríverslunarsamninganna áfram gilda ákvæði þeirra um stofnanir einnig.
2. Afnema skal magntakmarkanir á útflutningi, ráðstafanir sem hafa sambærileg áhrif og tolla og gjöld sem hafa sambærileg áhrif, er gilda í viðskiptum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. gr.

Samningsaðilar skulu ekki koma á neinum þeim höftum eða stjórnunar- og tæknilegum reglugerðum sem gætu í viðskiptum samningsaðila hindrað frjálsa vöruflutninga samkvæmt þessari bókun.

4. gr.

Meginatriði samkeppnisreglna er gilda um fyrirtæki varðandi vörur sem bókun þessi nær til er að finna í bókun 25. Afleiddar réttarreglur er að finna í bókun 21 og XIV. viðauka.

5. gr.

Samningsaðilar skulu fara að reglum um aðstoð við stáliðnaðinn. Einkum fallast þeir á mikilvægi, og samþykkja reglur Bandalagsins um aðstoð við stáliðnaðinn eins og ákveðið er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 322/89/KSE sem fellur úr gildi 31. desember 1991. Samningsaðilar lýsa áforminu sínu um að setja inn í EES-samninginn nýjar reglur Bandalagsins um aðstoð við stáliðnaðinn með gildistöku samningsins, að því tilskildu að þær séu efnislega líkar reglum framangreindrar gerðar.

6. gr.

1. Samningsaðilar skulu skiptast á upplýsingum um markaði. EFTA-ríkin skulu leitast við af fremsta megni að tryggja að stálframleiðendur, neytendur og kaupmenn veiti slíkar upplýsingar.
2. EFTA-ríkin skulu af fremsta megni leitast við að tryggja að stáliðnaðarfyrirtæki með staðfestu á yferráðasvæði þeirra taki þátt í árlegum könnunum varðandi þær fjárfestingar sem um getur í 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 3302/81/KSE frá 18. nóvember 1981. Samningsaðilar munu, með fyrirvara um kröfur um viðskiptaleynd, skiptast á upplýsingum um mikilvæg verkefni er varða fjárfestingu eða afnám fjárfestingar.
3. Í hinum almennu ákvæðum samningsins um stofnanir skal gert ráð fyrir öllum þeim málefnum sem tengjast upplýsingaskiptum milli samningsaðila.

7. gr.

Samningsaðilar athugi að bókun 4 í þessum samningi kemur í staðinn fyrir upprunareglur sem ákvarðaðar eru í bókun 3 í fríverslunarsamningum milli Efnahagsbandalags Evrópu og einstakra EFTA-ríkja.